

TILLAGA

að starfsreglum um sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elídóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Bryndís Malla Elídóttir.

1. gr.

Á vegum þjóðkirkjunnar skal starfrækja sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem veitir sérhæfða þjónustu í sálgæslu og fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Sálgæslu- og fjölskylduþjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands.

2. gr.

Með sérhæfðri þjónustu kirkjunnar í sálgæslu- og fjölskyldumálum er átt við að:

- styðja fjölskyldur sem þess óska með viðtölum, ráðgjöf og fræðslu,
- styðja og efla presta og djákna í samskiptum við fjölskyldur, svo sem viðtölum, í sáttaumleitunum, fræðslustarfi og ráðgjöf.

3. gr.

Sálgæslu- og fjölskylduþjónusta kirkjunnar annast handleiðslu presta, djákna og annarra starfsmanna kirkjunnar eftir því sem við á. Biskup setur reglur um fyrirkomulag handleiðslunnar og kostnað.

4. gr.

Biskup Íslands ræður forstöðumann sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar og skal hann vera prestur með sérmenntun á starfssviði þjónustunnar.

Hann ræður starfsfólk í samráði við biskup Íslands.

5. gr.

Forstöðumaður og starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem leynt á að fara þ.e. málefni skjólstaðinga, og annað sem lýtur að rækslu starfa þeirra og málefna þjónustunnar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

6. gr.

Sálgæslu- og fjölskylduþjónustunni er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af rekstrarstofu þjóðkirkjunnar.

7. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla á brott starfsreglur um Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir svo í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða:

Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkti starfsreglur um áframhaldandi gildi tiltekinna starfsreglna kirkjuþings til 1. janúar 2023, til að tími gæfist til að endurskoða regluverkið. Starfsreglur um Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, með síðari breytingum eru þar á meðal. Er því lögð fram tillaga að setningu nýrra heildstæðra starfsreglna.

Starfsreglur um kirkjuráð þjóðkirkjunnar féllu brott 31. desember 2021 samkvæmt framangreindu bráðabirgðaákvæði og þeim var ekki veitt áframhaldandi gildi. Kirkjuráð hætti því starfsemi frá og með 1. janúar 2022. Í ýmsum þeirra starfsreglna sem kirkjuþing samþykkti að veita áframhaldandi gildi er þó kveðið á um kirkjuráð þ. á m. í núgildandi starfsreglum um Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar.

Þær breytingar sem lagðar eru til frá því sem kveðið er á um í núgildandi starfsreglum eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að heiti starfseminnar verði Sálgæslu- og fjölskylduþjónusta kirkjunnar í stað núverandi heitis sem er Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar. Er því lagt til að heiti starfsreglnanna breytist í samræmi við það.

2. Lagt er til að biskupsembættið taki almennt við þeirri ábyrgð og þeim skyldum sem kirkjuráð hafði gagnvart starfseminni. Þykir það eðlilegt í ljósi þess að þjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar, sem er á ábyrgð biskups. Í samræmi við það er eftirfarandi lagt til:

að starfseminn heyrir að öllu leyti undir embætti biskup Íslands, sbr. 2. gr.

að biskup setji reglur reglur um fyrirkomulag handleiðslu og kostnað, sbr. 3. gr.

að ráðning forstöðumanns verði eftirleiðis á hendi biskups Íslands í stað kirkjuráðs, sbr. 4. gr.

Lagt er til að rekstrarstofa þjóðkirkjunnar staðfesti gjaldskrá vegna þjónustu Sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar í stað kirkjuráðs, sbr. 6. gr. enda um fjárhagslegt málefni að ræða sem ekki heyrir undir biskupsembættið.

Ekki þykir þörf á því að skýra út einstakar greinar tillögunnar þar sem þær eru að frátöldu því sem að framan greinir óbreyttar frá núverandi starfsreglum.

Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt starfsreglna þessara feli í sér aukinn kostnað frá því sem nú er. Hins vegar er ráðgert að aflu aukinna sértekna með endurskoðun gjaldskrár en ekki er unnt að áætla með neinni nákvæmni hvaða fjárhæðir gæti verið þar um að ræða.